

Ed.

625. Framhaldsnefndarátt

um frv. til laga um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefir tekið þeim breytingum í hv. Nd., að skattur af löndum og lóðum er færður úr 4⁰/₀₀ niður í 3⁰/₀₀ og af húsum í löggiltum verslunarstöðum úr 2⁰/₀₀ í 1¹/₂⁰/₀₀.

Þetta þýðir það, að tekjur rikissjóðs af frv. hafa verið lýrðar um tæpar 63 þús. króna og um leið ljettur að drjúgum mun skattur, sem á jarðeignum hvílir eftir gildandi lögum (fasteignaskattslögunum) og einnig á húsum í verslunarstöðum, þeim sem ekki hvíla á því hærri þinglesnar skuldir.

Nefndinni virðist þetta alls ekki viðeigandi breyting, þegar athugaður er fjárhagur rikissjóðs og framkvæmdir þingsins í öðrum skattamálum, en leggur þó til, að við svo húsið verði látið sitja, með því að hún vill ekki tefla málinu í tvísýnu og þar sem þingtíminn er alveg á förum. Það hefir líka nokkur áhrif á nefndina, að þó hún álíti skattinn á jarðeignum til rikissjóðs helst til lágan, þá muni sú stefna vera að ryðja sjer til rúms í þinginu, að leggja aðra skatta, miklu hærri, ofan á þennan, einmitt á fasteignirnar; um það ber frv. það um sýsluvegasjóði, sem hv. Nd. hefir sent hingað í deildina, ljósastan vott. En það telur nefndin ærið athugavert, að leggja svo þungar byrðar á *notendur* fasteigna, eins og fátæka leiguliða.

Nefndin hefir svo ekki meira um málið að segja, en leggur til, að það
verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1921.

Sig. Eggerz,
form.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Guðjón Guðlaugsson,
framsögumaður.

Sigurjón Friðjónsson. Björn Kristjánsson.